



Reykjavíkurborg

skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Reykjavík, 11. september 2017

R17080020

647

Borgarráð

Vilyrði fyrir lóð handa Mjólkursamsölunni á Hólmsheiði

Óskað er eftir að borgarráð veiti Mjólkursamsölunni ehf. vilyrði fyrir um 40.000 m^2 lóð fyrir um 11.000 m^2 byggingu á Hólmsheiði við Suðurlandsveg, með fyrirvara um að deiliskipulag verði samþykkt fyrir lóðina.

Greinargerð: Mjólkursamsalan ehf., kt. 540405-0340, Bitruhálsi 1, 110 Reykjavík, hefur óskað eftir að fá úthlutaðri lóð á Hólmsheiði við Suðurlandsveg, fyrir birgðahald og vörudreifingu félagsins á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirtækið starfar nú í um 15.000 m^2 leiguþúsnaði að Bitruhálsi 1 sem stendur á rúmlega 65.000 m^2 lóð.

Vegna breytinga á starfsemi Mjólkursamsölunnar ehf. er lauslega áætlað að húsnæðisþörf fyrirtækisins sé nú um 11.000 m^2 og lóðarstærð 40.000 m^2 . Núverandi starfsemi er fyrst og fremst birgðahald, vörudreifing og skrifstofustarfsemi.

Staðsetning lóðar á Hólmsheiði verður nánar ákveðin í deiliskipulagi. Mjólkursamsalan ehf. getur óskað eftir úthlutun lóðarinnar þegar deiliskipulag fyrir lóðina hefur tekið gildi með auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda.

Komi til þess að deiliskipulag taki ekki gildi fyrir umrædda lóð innan tveggja ára frá samþykki borgarráðs fyrir lóðarvilyrði þessu, fellur það niður. Sama gildir ef ekki er óskað eftir úthlutun lóðarinnar innan árs frá gildistöku deiliskipulags fyrir lóðina.

Mjólkursamsalan ehf. mun greiða gatnagerðargjöld og markaðsverð fyrir byggingarrétt á lóðinni. Gatnagerðargjöld greiðast samkvæmt gjaldskrá Reykjavíkurborgar. Verð byggingarréttarins ræðst af meðaltali mats tveggja löggiltra fasteignasala á verðmæti byggingarréttar eftir að deiliskipulag hefur tekið gildi fyrir lóðina, enda hafi Mjólkursamsalan ehf. óskað eftir úthlutun lóðarinnar.

Hrólfur Jónsson

Mynd úr skipulags- og matslýsingu vegna nýs deiliskipulags fyrir Hólmshetiði, athafnasvæði.

Dags. 17. maí 2017.

Gula línan sýnir afmörkun nýs deiliskipulags. Rauða línan sýnir afmörkun 40.000 m^2 lóðar.

